

Alþingi
Erindi nr. **P** / 30 / 2378
komudagur 7.5. 2004



UNIVERSITY OF ICELAND

FACULTY OF SOCIAL SCIENCES

Reykjavík, 7. maí 2004.

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Síðdegis í gær barst mér erindi yðar, þar sem óskað er eftir umsögn félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um frumvarp um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum. Svars er óskað í dag. Engin leið er fyrir deildina að vinna ítralega umsögn á svo skömmum tíma.

Reyndar tel ég hæpið að deildin sem slík veiti umsögn af þessu tagi og samþykki hana t.d. á deildarfundum eða í deildarráði. Eðlilegra virðist að leita til þeirra deildarmanna sem helst hafa sérfræðipekkingu á viðkomandi sviði og æskja umsagnar þeirra um frumvarpið. Það hefur stundum verið gert.

Fljótt á litið sýnist mér að það séu einkum fjórir deildarmenn, sem sinnt hafa rannsóknum og skriftum sem tengjast efni frumvarpsins (en þeir kunna að vera fleiri). Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, hefur skrifað bækur um íslensku stjórnarskrána og íslenska stjórnsýslu. Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, hefur m.a. skrifað bók um íslenska fjölmiðla. Dr. Þorbjörn Broddason hefur um áratugaskeið haft fjölmiðlarannsóknir sem meginviðfangsefni. Loks hefur undirritaður um árabíl fengist við rannsóknir á kjósendum, almenningsáliti og lýðræði.

Ég hef ekki beðið ofangreinda deildarmenn um að skrifa umsögn á þeim knappa tíma sem til umráða er, en bendi á að e.t.v. eru þeir tilbúnir að mæta á fund nefndarinnar ef henni þætti akkur í því. Sjálfur er ég tilbúinn til þess.


Ég hef lesið skýrslu fjölmiðlanefndar og frumvarpið. Á þessu stigi vil ég einungis segja þetta: Málið sem hér um ræðir er bæði mikilvægt og viðkvæmt. Frumvarpið felur í sér takmarkanir á þremur grundvallarmannréttindum sem stjórnarskráin tryggir: tjáningarfrelsi, atvinnufrelsi og eignarrétti. Löggjafanum ber að sýna fyllstu varkárni þegar hann beitir heimildum sínum til slíkra takmarkana og umfram allt tryggja vandaða málsmeðferð.

Skýrsla fjölmiðlanefndar sýnir vel hversu flókið þetta mál er og hversu mörg álitamál verður að takst á við vilji menn setja vandaða, sanngjarna og skilvirka löggjöf um þetta efni. Fjölmiðlanefndin bendir á að markmið löggjafar á þessu sviði er að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Til þess eru margar leiðir, telji menn nauðsynlegt að ríkið

hafi þar afskipti. Sú leið sem farin er í frumvarpinu gengur mjög langt. Nauðsynlegt er að greina vandlega hvaða háski kann að fylgja henni og jafnframt að skoða kosti annarra leiða, t.d. þeirra sem nota einhvers konar hlutdeild af fjölmiðlamarkaði (t.d. áhorf eða útbreiðslu) sem viðmiðun.

Ég hvet til þess að málið fái vandlega skoðun. Mér sýnast álitamálin svo mörg að það sé óhjákvæmilegt að taka til þess nægan tíma.

Með vinsemi og virðingu,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ólafur Þ. Harðarson'. The signature is written in a cursive style and is positioned over a circular stamp.

Dr. Ólafur Þ. Harðarson,
prófessor í stjórnmálafræði og
forseti félagsvísindadeildar Háskóla Íslands